# Origo hf.

## Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar
## 30. júní 2019

Origo hf.
Borgartúni 37
105 Reykavík

Kt. 530292-2079

# Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra ........ 3

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ........ 4

Efnahagsreikningur ........ 5

Eiginfjáryfirlit ........ 6

Sjóðstreymisyfirlit ........ 7

Skýringar ........ 8

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Origo hf. og dótturfélaga, en í samstæðunni eru tvö félög. Árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam heildarhagnaður af rekstri samstæðunnar 351 millj. kr. á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2019. Tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu námu 7.046 millj. kr. á tímabilinu. Eigið fé samstæðunnar í lok tímabilsins var 7.090 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Á fyrstu sex mánuðum ársins keypti félagið 14.864 þús. eigin hluti fyrir 354 millj. kr. í samræmi við endurkaupaáætlun félagsins, endurkaupaáætlunin byggir á samþykkt síðasta aðalfundar, sem heimilar stjórn kaup á allt að 10% af hlutafé félagsins, eða 46,0 millj. hluti að nafnverði.

Arðgreiðsla að fjárhæð 1.000 millj. kr. sem samþykkt var á aðalfundi var greidd til hluthafa á fyrsta ársfjórðungi.

Á grundvelli kaupréttarsamninga félagsins og starfsmanna þess er seldi félagið eigin bréf að nafnverði 4,4 millj. kr. til starfsmanna á genginu 17,095 til starfsmanna eða fyrir 75 millj. kr.

Þann 29. maí sl. var skrifað undir kaupsamning Origo hf. á öllu hlutafé í Strikamerki hf. Viðskiptin voru meðal annars háð samþykki Samkeppniseftirlitsins. Samkeppniseftirlitið heimilaði kaupin uppúr miðjum júlí og gengu kaupin í gegn í lok júlí sl.

Þann 30. Júlí sl. var gengið frá kaupum Origo hf á öllu hlutafé í Bus Travel IT. ehf.

Um miðjan júlí sl. keypti Sense ehf. dótturfélag Origo hf. allar eignir þrotabús Tölvuteks ehf. Félagið hefur tekið til starfa undir nafni Tölvuteks. Origo mun eiga meirihluta á félaginu á móti stjórnendum Tölvuteks.

**Yfirlýsing stjórnar og forstjóra**

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2019 og rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2019.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Origo hf. hafa í dag rætt samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2019 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 22. ágúst 2019.

Stjórn félagsins:

Ívar Kristjánsson

Guðmundur Jóhann Jónsson

Hildur Dungal

Hjalti Þórarinsson

Svafa Grönfeldt

Forstjóri:

Finnur Oddsson

# Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu
# 1. janúar til 30. júní 2019

| | Skýr. | Annar ársfjórðungur 2019 1.4.-30.6. | Annar ársfjórðungur 2018 1.4.-30.6. | Fyrri árshelmingur 2019 1.1.-30.6. | Fyrri árshelmingur 2018 1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur og þjónusta | 5 | 3.493.083 | 3.731.061 | 7.045.952 | 7.512.377 |
| Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þjónustu | | ( 2.641.647) | ( 2.721.500) | ( 5.272.919) | ( 5.595.046) |
| **Framlegð** | | 851.436 | 1.009.561 | 1.773.033 | 1.917.331 |
| Rekstrarkostnaður | | ( 778.728) | ( 947.797) | ( 1.604.019) | ( 1.918.756) |
| **Rekstrarhagnaður (-tap)** | | 72.708 | 61.764 | 169.014 | ( 1.425) |
| Fjármunatekjur | | 33.180 | ( 7.924) | 47.809 | 48.535 |
| Fjármagnsgjöld | | ( 47.919) | ( 26.578) | ( 105.470) | ( 54.785) |
| Hrein fjármagnsgjöld | 6 | ( 14.739) | ( 34.502) | ( 57.661) | ( 6.250) |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags | | 46.349 | 0 | 67.646 | 0 |
| **Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt** | | 104.318 | 27.262 | 178.999 | ( 7.675) |
| Tekjuskattur | | ( 5.074) | ( 5.976) | ( 15.929) | 542 |
| **Hagnaður (tap) tímabilsins** | | 99.244 | 21.286 | 163.070 | ( 7.133) |
| **Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé:** | | | | | |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi erlendra dóttur- og hludeildarfélaga | | 38.823 | ( 5.889) | 188.245 | ( 3.691) |
| **Heildarhagnaður (-tap) tímabilsins** | | 138.067 | 15.397 | 351.315 | ( 10.824) |
| **EBITDA** | | 213.336 | 234.772 | 450.586 | 336.453 |
| **Hagnaður á hlut:** | | | | | |
| Grunnhagnaður (-tap) á hverja krónu hlutafjár | | 0,22 | 0,05 | 0,36 | ( 0,02) |
| Þynntur hagnaður (yap) á hverja krónu hlutafjár | | 0,22 | 0,05 | 0,36 | ( 0,02) |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2019

| | Skýr. | 30.6.2019 | 31.12.2018 |
|---|---|---|---|
| **Eignir:** | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 1.443.284 | 533.074 |
| Óefnislegar eignir | 7 | 2.430.142 | 2.436.871 |
| Tekjuskattseign | | 32.962 | 43.426 |
| Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi | 8 | 2.806.556 | 2.697.564 |
| Verðbréfaeign og aðrar langtímakröfur | | 125.256 | 13.023 |
| Fastafjármunir | | 6.838.200 | 5.723.958 |
| Birgðir | | 1.505.702 | 1.646.801 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 1.756.625 | 1.802.366 |
| Handbært fé | | 1.328.351 | 3.175.454 |
| Veltufjármunir | | 4.590.678 | 6.624.621 |
| **Eignir samtals** | | 11.428.878 | 12.348.579 |
| **Eigið fé:** | | | |
| Hlutafé | | 452.307 | 462.918 |
| Yfirverðsreikningur innborgaðs hlutafjár | | 550.283 | 821.044 |
| Annað bundið eigið fé | 9 | 2.909.649 | 2.701.942 |
| Óráðstafað eigið fé | | 3.145.004 | 4.175.131 |
| Eigið fé hluthafa móðurfélagsins | | 7.057.243 | 8.161.035 |
| Hlutdeild minnihlutaeigenda | | 33.241 | 33.241 |
| Eigið fé samtals | | 7.090.484 | 8.194.276 |
| **Skuldir:** | | | |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | | 747.673 | 756.987 |
| Leiguskuldbindingar | | 986.849 | 0 |
| Langtímaskuldir | | 1.734.522 | 756.987 |
| Næsta árs afborgun leiguskuldbindinga | | 263.437 | 0 |
| Vaxtaberandi skammtímaskuldir | | 240.742 | 124.054 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | 2.099.693 | 3.273.262 |
| Skammtímaskuldir | | 2.603.872 | 3.397.316 |
| Skuldir samtals | | 4.338.394 | 4.154.303 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 11.428.878 | 12.348.579 |

# Eiginfjáryfirlit 30. júní 2019

| | Hlutafé | Yfirverðs-reikningur innborgaðs hlutafjár | Annað bundið eigið fé | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé hluthafa móður-félagsins | Hlutdeild minni-hluta eigenda | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. janúar til 30. júní 2019** | | | | | | | |
| Eigið fé 1.1.2019 ........... | 462.918 | 821.044 | 2.701.942 | 4.175.131 | 8.161.035 | 33.241 | 8.194.276 |
| Innleiðing IFRS 16 .......... | | | | ( 176.765) | ( 176.765) | 0 | ( 176.765) |
| Eigið fé 1.1.2018 ........... | 462.918 | 821.044 | 2.701.942 | 3.998.366 | 7.984.270 | 33.241 | 8.017.511 |
| Heildarhagnaður ............ | | | | | | | 0 |
| tímabilsins ..................... | | | 188.245 | 163.070 | 351.315 | 0 | 351.315 |
| Fært á bundið eigið fé .... | | | 19.462 | ( 19.462) | 0 | | 0 |
| Áfallinn kostnaður v/ | | | | | | | |
| kaupréttasamninga ....... | | | | 3.113 | 3.113 | | 3.113 |
| Greiddur arður ............... | | | | ( 1.000.083) | ( 1.000.083) | | ( 1.000.083) |
| Seld eigin bréf ............... | 4.253 | 68.447 | | | 72.700 | | 72.700 |
| Keypt eigin bréf ............. | ( 14.864) | ( 339.208) | | | ( 354.072) | | ( 354.072) |
| Eigið fé 30.6.2019 .......... | 452.307 | 550.283 | 2.909.649 | 3.145.004 | 7.057.243 | 33.241 | 7.090.484 |
| | | | | | | | |
| **1. janúar til 30. júní 2018** | | | | | | | |
| Eigið fé 31.12.2017 ........ | 458.609 | 769.670 | 656.420 | 1.043.422 | 2.928.121 | 0 | 2.928.121 |
| Innleiðing IFRS 15 .......... | | | | ( 256.565) | ( 256.565) | 0 | ( 256.565) |
| Eigið fé 1.1.2018 ........... | 458.609 | 769.670 | 656.420 | 786.857 | 2.671.556 | 0 | 2.671.556 |
| Heildartap tímabilsins ..... | | | ( 3.691) | ( 7.133) | ( 10.824) | 0 | ( 10.824) |
| Fært á bundið eigið fé .... | | | 5.743 | ( 5.743) | 0 | | 0 |
| Áfallinn kostnaður v/ | | | | | | | |
| kaupréttasamninga ....... | | | | 6.226 | 6.226 | | 6.226 |
| Selt nýtt hlutafé ............. | 6.563 | 105.637 | | | 112.200 | | 112.200 |
| Eigið fé 30.6.2018 .......... | 465.172 | 875.307 | 658.472 | 780.207 | 2.779.158 | 0 | 2.779.158 |

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2019

| | Skýr. | 2019 1.1.-30.6. | 2018 1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar:** | | | |
| (Tap) hagnaður tímabilsins | | 163.070 | ( 7.133) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | | 281.572 | 337.878 |
| Hrein fjármagnsgjöld (fjármunatekjur) | 6 | 57.661 | 6.250 |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags | 8 | ( 67.646) | 0 |
| Tekjuskattur | | 15.929 | ( 542) |
| | | 450.586 | 336.453 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Birgðir, lækkun (hækkun) | | 147.999 | ( 279.263) |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, lækkun | | 82.349 | 413.868 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, (lækkun) | | ( 1.106.674) | ( 223.768) |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | ( 876.326) | ( 89.163) |
| Innheimtar vaxtatekjur | | 33.809 | 8.920 |
| Greidd vaxtagjöld | | ( 51.002) | ( 54.785) |
| Handbært fé frá rekstri | | ( 442.933) | 201.425 |
| **Fjárfestingarhreyfingar:** | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | | ( 106.497) | ( 120.751) |
| Eignfærðar óefnislegar eignir | 7 | ( 48.215) | ( 266.783) |
| Hlutafjárlækkun hjá hlutdeildarfélagi | 8 | 63.574 | 0 |
| Söluverð á hlutdeildarfélagi | 8 | 77.578 | 0 |
| Langtímakröfur, breyting | | ( 451) | 796 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 14.011) | ( 386.738) |
| **Fjármögnunarhreyfingar:** | | | |
| Keypt eigin bréf | | ( 354.072) | 0 |
| Seld eigin bréf | | 72.700 | 112.200 |
| Greiddur arður | | ( 1.000.083) | 0 |
| Vaxtaberandi skammtímalán, breyting | | 178.617 | 0 |
| Afborganir vaxtaberandi skulda | | ( 289.292) | ( 43.466) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 1.392.130) | 68.734 |
| **Lækkun á handbæru fé** | | ( 1.849.074) | ( 116.579) |
| **Áhrif gengisbreytinga á handbært fé** | | 1.971 | ( 4.239) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 3.175.454 | 296.743 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | | 1.328.351 | 175.925 |

# Skýringar

## 1. Félagið

Origo hf. ("Félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru í Borgartúni 37, Reykjavík. Árshlutareikningur samstæðunnar hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sem "samstæðunnar" og til einstakra félaga sem "samstæðufélaga".

Hlutverk félagsins er að veita viðskiptavinum sínum heildarlausnir á sviði upplýsingatækni með þróun hugbúnaðar, sölu á tölvu- og skrifstofubúnaði, ráðgjöf og tengdri þjónustu.

## 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Origo hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2018.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn 22. ágúst 2019.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2018 að undanskildum breytingum á reikningsskilaaðferðum vegna leigusamninga til samræmis við IFRS 16 eins og lýst er í skýringu 9. Búist er við því að þessar breytingar á reikningsskilaaðferðum muni jafnframt endurspeglast í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2019.

Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess www.origo.is og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins og eru fjárhæðir birtar í þúsundum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði.

## 4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

## 5. Starfsþáttayfirlit

| | Notendabúnaður og tengd þjónusta | Rekstrar-þjónusta og innviðir | Hugbúnaður og tengd þjónusta | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Starfsþættir 1.1. - 30.6. 2019** | | | | |
| Seldar vörur og þjónusta | 2.442.672 | 2.242.269 | 2.361.011 | 7.045.952 |
| Afkoma starfsþáttar (EBITDA) | 51.916 | 97.501 | 301.169 | 450.586 |
| Afskriftir | ( 41.715) | ( 147.425) | ( 92.432) | (281.572) |
| Hrein fjármagnsgjöld | | | | ( 57.661) |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags | | | | 67.646 |
| Tekjuskattur | | | | ( 15.929) |
| Hagnaður tímabilsins | | | | 163.070 |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi félaga | | | | 188.245 |
| Heildarhagnaður tímabilsins | | | | 351.315 |

## 5. Starfsþáttayfirlit

| | Notendabúnaður og tengd þjónusta | Rekstrar-þjónusta og innviðir | Hugbúnaður og tengd þjónusta | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Starfsþættir 1.1. - 30.6. 2018** | | | | |
| Seldar vörur og þjónusta | 2.271.160 | 2.053.198 | 3.188.019 | 7.512.377 |
| Afkoma starfsþáttar (EBITDA) | 77.032 | 112.093 | 147.328 | 336.453 |
| Afskriftir | ( 14.569) | ( 87.589) | ( 235.720) | ( 337.878) |
| Hrein fjármagnsgjöld | | | | ( 6.250) |
| Tekjuskattur | | | | 542 |
| Tap tímabilsins | | | | ( 7.133) |
| Þýðingarmunur vegna starfsemi félaga | | | | ( 3.691) |
| Heildartap tímabilsins | | | | ( 10.824) |

## 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| Fjármunatekjur greinast þannig: | 2019 1.1-30.6. | 2018 1.1-30.6. |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur | 33.809 | 8.920 |
| Breyting á skuldbindingu vegna fjárfestinga | 14.000 | 0 |
| Gengishagnaður gjaldmiðla | 0 | 39.615 |
| Fjármunatekjur samtals | 47.809 | 48.535 |
| | | |
| Fjármagnsgjöld greinast þannig: | | |
| Vaxtagjöld | ( 51.002) | ( 54.785) |
| Gengistap gjaldmiðla | ( 54.468) | 0 |
| Fjármagnsgjöld samtals | ( 105.470) | ( 54.785) |
| | | |
| Hrein fjármagnsgjöld samtals | ( 57.661) | ( 6.250) |

## 7. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir, afskriftir og virðisrýrnun greinist þannig:

| | Viðskiptavild | Hugbúnaður | Óefnislegar eignir alls |
|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | |
| Heildarverð 1.1.2018 | 1.985.610 | 2.062.366 | 4.047.976 |
| Yfirtekið við kaup á rekstrareiningu | 0 | 115.184 | 115.184 |
| Fjárfesting í innri hugbúnaðarþróun | 0 | 440.165 | 440.165 |
| Viðbót á árinu | 0 | 291.588 | 291.588 |
| Áhrif á sölu á Tempo ehf. | ( 277.360) | ( 2.124.652) | ( 2.402.012) |
| Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla | 45.925 | 200.116 | 246.041 |
| Heildarverð 31.12.2018 | 1.754.175 | 984.767 | 2.738.942 |
| Fjárfesting í innri hugbúnaðarþróun | 0 | 48.215 | 48.215 |
| Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla | 7.520 | 0 | 7.520 |
| Heildarverð 30.6.2019 | 1.761.695 | 1.032.982 | 2.794.677 |
| | | | |
| **Afskriftir og virðisrýrnun** | | | |
| Afskrifað alls 1.1.2018 | 137.481 | 827.312 | 964.793 |
| Afskriftir | 0 | 391.050 | 391.050 |
| Áhrif sölu á Tempo ehf. | 0 | ( 1.113.498) | ( 1.113.498) |
| Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla | 0 | 59.726 | 59.726 |
| Afskrifað alls 31.12.2018 | 137.481 | 164.590 | 302.071 |
| Afskriftir | 0 | 62.464 | 62.464 |
| Afskrifað alls 30.6.2019 | 137.481 | 227.054 | 364.535 |

## 7. Óefnislegar eignir, frh.:

**Bókfært verð**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1.1.2018 | 1.848.129 | 1.235.054 | 3.083.183 |
| 31.12.2018 | 1.616.694 | 820.177 | 2.436.871 |
| 30.6.2019 | 1.624.214 | 805.928 | 2.430.142 |
| Afskriftahlutföll | | 10 - 25% | |

Hluti af starfsemi Origo hf. er að þróa hugbúnað og selja. Í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla voru á tímabilinu eignfærðar 48 millj. kr. vegna þróunar samstæðunnar á hugbúnaði. Við mat á fjárhæðum er miðað við kostnað sem til fellur frá þeim degi sem verkefni uppfyllir öll skilyrði til eignfærslu. Annar þróunarkostnaður er gjaldfærður þegar til hans er stofnað.

Óefnislegar eignir sem þróaðar innan samstæðunnar eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum eins og um keypta eign væri að ræða. Bókfært verð óefnislegra eigna er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin. Virðisrýrnunarpróf eru gerð að minnsta kosti árlega á viðskiptavild.

## 8. Eignarhlutur í hlutdeildarfélagið

Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi greinist þannig:

| | 2019<br>1.1-30.6 | 2.018<br>1.1-30.6 |
|---|---|---|
| Bókfært verð 1.1. | 2.697.564 | 0 |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags | ( 9.932) | 0 |
| Hlutafjárlækkun hjá Tempo ehf. | ( 63.574) | 0 |
| Þýðingarmunur | 182.498 | 0 |
| Bókfært verð 30.6. | 2.806.556 | 0 |

Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi greinist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags | ( 9.932) | 0 |
| Uppgjör á sölu á Tempo ehf. - söluhagnaður | 77.578 | 0 |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags skv. ársreikningi | 67.646 | 0 |

## 9. Eigið fé

Annað bundið eigið fé greinist þannig:

| | Þýðingar-munur í dóttur-félögum | Bundinn hlutdeildar-reikningur | Samtals |
|---|---|---|---|
| Staða 1.1.2018 | 412.781 | 243.639 | 656.420 |
| Breyting á tímabilinu | ( 3.691) | 5.743 | 2.052 |
| Staða 30.6.2018 | 409.090 | 249.382 | 658.472 |
| Staða 1.1.2019 | 392.358 | 2.309.584 | 2.701.942 |
| Breyting á tímabilinu | 188.245 | 19.462 | 207.707 |
| Staða 30.6.2019 | 580.603 | 2.329.046 | 2.909.649 |

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 460 millj. kr. Hver hlutur er ein króna að nafnverði. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu. Félagið á eigin hlutabréf að nafnverði 7,3 millj. kr. sem færð eru til lækkunar á eigin fé.

## 9. Eigið fé, frh.:

Á fyrstu sex mánuðum ársins keypti félagið 14,7 millj. eigin hluti fyrir 354 millj. kr. í samræmi við endurkaupaáætlun félagsins, endurkaupaáætlunin byggir á samþykkt síðasta aðalfundar, sem heimilar stjórn kaup á allt að 10% af hlutafé félagsins, eða 46,0 millj. hluti að nafnverði.

Arðgreiðsla að fjárhæð 1.000 millj. kr. sem samþykkt var á aðalfundi var greidd til hluthafa á fyrsta ársfjórðingi.

Á grundvelli kaupréttarsamninga félagsins og starfsmanna þess er seldi félagið eigin bréf að nafnverði 4,3 millj. kr. til starfsmanna á genginu 17,095 til starfsmanna eða fyrir 73 millj. kr.

## 10. Nýir reikningsskilastaðlar

***IFRS 16 Leigusamningar***

Félagið hefur innleitt reikningsskilastaðal IFRS 16 fyrir reikningsár sem hófst 1. janúar 2019. Aðrir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar sem tóku gildi 1. janúar 2019 hafa óveruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar.

IFRS 16 innleiðir eitt reikningshaldslegt líkan um færslu leigusamninga í efnahagsreikning leigutaka. Samstæðan hefur tekið upp IFRS 16 með því að beita aðferð uppsafnaðra áhrifa, þar sem uppsöfnuð áhrif upphaflegrar beitingar eru færð á óráðstafað eigið fé 1. janúar 2019. Eigið fé félagsins lækkaði um 177 millj. kr. við innleiðinguna. Vegna þessa hefur samanburðarfjárhæðum vegna ársins 2018 ekki verið breytt, það er þær eru settar fram eins og þær voru birtar áður samkvæmt IAS 17 og tengdum túlkunum. Breytingunum á reikningsskilaaðferðum er lýst nánar hér á eftir.

*Skilgreining á leigusamningi*

Samkvæmt fyrri reikningsskilaaðferðum skilgreindi samstæðan við gildistöku samnings hvort hann væri eða innihéldi leigusamning samkvæmt IFRIC 4 Ákvörðun um hvort samningur inniheldur leigusamning. Samstæða leggur nú mat á það hvort samningur sé eða innihaldi leigusamning byggt á nýrri skilgreiningu á leigusamningi. Samkvæmt IFRS 16 er samningur leigusamningur eða inniheldur leigusamning ef hann veitir rétt til yfirráða yfir skilgreindri eign á tímabili í skiptum fyrir endurgjald.

Við upptöku IFRS 16 valdi samstæðan að nýta sér það praktíska úrræði að halda sig við fyrra mat á því hvaða viðskipti eru leigusamningar. Samstæðan beitti því IFRS 16 aðeins á þá samninga sem áður höfðu verið skilgreindir sem leigusamningar. Samningar sem höfðu ekki verið skilgreindir sem leigusamningar samkvæmt IAS 17 og IFRIC 4 voru ekki endurmetnir með tilliti til nýrrar skilgreiningar á leigusamningi. Af því leiðir að skilgreining á leigusamningi samkvæmt IFRS 16 hefur aðeins verið beitt á samninga sem voru gerðir eða var breytt frá og með 1. janúar 2019.

Við gildistöku eða endurmat samnings sem inniheldur leiguþátt úthlutar samstæðan endurgjaldi samkvæmt samningnum á einstaka leiguþætti og aðra þætti samningsins byggt á hlutfallslegu sjálfstæðu verði þeirra.

*Leigusamningar þar sem samstæðan er leigutaki*

Samstæðan færi eignir og skuldir vegna leigusamninga um skrifstofuhúsnæðis og vöruhúsa. Afnotaréttur á eignunum er færður á meðal rekstrarfjármuna og leiguskuldbinding er færð í sér línu í efnahagsreikningi.

Samstæðan færir leigueign og leiguskuld á upphafsdegi leigusamnings. Leigueignin er upphaflega metin á kostnaðarverði og eftir það á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun og leiðrétt vegna viss endurmats á leiguskuldinni.

Leiguskuldin er upphaflega metin miðað við núvirði leigugreiðslna sem eru ógreiddar á upphafsdegi leigusamningsins, þar sem leigugreiðslur eru núvirtar með innbyggðum vöxtum í leigusamningnum, eða ef það er ekki hægt að ákvarða þá vexti, með vöxtum samstæðunnar á nýju lánsfé. Að jafnaði notar samstæðan sína vexti á nýju lánsfé við núvirðingu leigugreiðslna.

## 10. Nýir reikningsskilastaðlar, frh.:

Leiguskuldin er svo hækkuð vegna vaxtagjalda og lækkuð vegna greiddra leigugreiðslna. Hún er endurmetin þegar það er breyting á framtíðarleigugreiðslum vegna breytingar á vísitölu eða vöxtum, breytingar á mati á þeirri fjárhæð sem vænst er að þurfi að greiða á grundvelli hrakvirðistryggingar, eða þegar við á, breytinga á mati á því hvort nokkuð víst er að kaupheimild eða framlengingarheimild verði nýtt eða hvort nokkuð víst er að uppsagnarheimild verði ekki nýtt.

Samstæðan hefur beitt dómgreind við ákvörðun leigutíma sumra leigusamninga þar sem samstæðan er leigutaki og samningarnir innihalda endurnýjunarheimildir. Mat á því hvort samstæðan er nokkuð víss að hún muni nýta slíkar heimildir hefur áhrif á leigutímann, sem hefur veruleg áhrif á fjárhæð færðra leiguskulda og leigueigna.

Við upptöku IFRS 16 eru leiguskuldir vegna leigusamninga sem voru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar samkvæmt IAS 17 metnar miðað við núvirði ógreiddra leigugreiðslna, þar sem leigugreiðslur eru núvirtar með vöxtum samstæðunnar á nýju lánsfé þann 1. janúar 2019. Leigueignir eru metnar bókfærðu verði eins og IFRS 16 hefði verið beitt frá upphafsdegi leigusamninga, núvirt með vöxtum leigutaka á nýju lánsfé á degi upphaflegrar beitingar.

*Leigusamningar þar sem samstæðan er leigusali*
Innleiðing IFRS 16 hefur ekki veruleg áhrif á samninga þar sem samstæðan er leigusali öðru leyti en að færð er leigukrafa vegna áframleigu á húsnæði. Samstæðan hefur flokkað þessa leigusamninga sem rekstrarleigusamninga.

*Áhrif innleiðingar*
Ef staðallinn hefði ekki tekið gildi 1. janúar 2019 hefðu áhrif orðið þau að EBITDA á fyrri árshelmingi ársins 2019 hefðu verið um 143 millj. kr. lægri og hagnaður tímabilsins 5 millj. kr. lægri. Áhrif á fyrri árshelming 2019 greinist þannig:

| Rekstrarreikningur | 2019<br>1.1.-30.6. | Áhrif nýs<br>staðals | Fyrir IFRS 16<br>2019<br>1.1.-30.6. |
|---|---|---|---|
| Seldar vörur og þjónusta | 7.045.952 | 0 | 7.045.952 |
| Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þjónustu | ( 5.272.919) | 0 | ( 5.272.919) |
| **Framlegð** | 1.773.033 | 0 | 1.773.033 |
| Rekstrarkostnaður | ( 1.604.019) | ( 29.727) | ( 1.633.746) |
| **Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | 169.014 | ( 29.727) | 139.287 |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 57.661) | 23.225 | ( 34.436) |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags | 67.646 | 0 | 67.646 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | 178.999 | ( 6.502) | 172.497 |
| Tekjuskattur | ( 15.929) | 1.424 | ( 14.505) |
| **Hagnaður tímabilsins** | 163.070 | ( 5.078) | 157.992 |
| **EBITDA** | 450.586 | ( 142.972) | 307.614 |

## 10. Nýir reikningsskilastaðlar, frh.:

*Áhrif innleiðingar*

Afnotaréttur af leigueign er færður á meðal rekstrarfjármuna en um er að ræða leigusamninga um skrifstofuhúsnæðis og vöruhúsa. Áhrif innleiðingar staðalsins á efnahagsreikning samstæðunnar greinist

***Áhrif innleiðingar 1. janúar 2019***

| **Efnahagsreikningur** | **31.12.2018** | **Áhrif nýs staðals** | **1.1.2019** |
|---|---|---|---|
| Rekstrarfjármunir | 533.074 | 988.550 | 1.521.624 |
| Verðbréfaeign og aðrar langtímakröfur | 13.023 | 122.743 | 135.766 |
| Aðrir fastafjármunir | 5.177.861 | 0 | 5.177.861 |
| Fastafjármunir | 5.723.958 | 1.111.293 | 6.835.251 |
| Birgðir | 1.646.801 | 0 | 1.646.801 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | 1.802.366 | 29.261 | 1.831.627 |
| Handbært fé | 3.175.454 | 0 | 3.175.454 |
| Veltufjármunir | 6.624.621 | 29.261 | 6.653.882 |
| **Eignir samtals** | 12.348.579 | 1.140.554 | 13.489.133 |
| Eigið fé | 8.194.276 | ( 176.765) | 8.017.511 |
| Vaxtaberandi langtímaskuldir | 756.987 | 0 | 756.987 |
| Leiguskuldbinding | 0 | 850.135 | 850.135 |
| Langtímaskuldir | 756.987 | 850.135 | 1.607.122 |
| Næsta árs afborgun leiguskuldbindingar | 0 | 467.184 | 467.184 |
| Vaxtaberandi skammtímaskuldir | 124.054 | 0 | 124.054 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 3.273.262 | 0 | 3.273.262 |
| Skammtímaskuldir | 3.397.316 | 467.184 | 3.864.500 |
| Skuldir samtals | 4.154.303 | 1.317.319 | 5.471.622 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | 12.348.579 | 1.140.554 | 13.489.133 |

## 11. Kennitölur

| Helstu kennitölur samstæðunnar: | **2019 1.1-30.6.** | **2018 1.1-30.6.** |
|---|---|---|
| **Rekstur** | | |
| Veltuhraði vörubirgða í lok tímabils - vörunotkun/sölubirgðir í lok tímabils | 5,3 | 5,3 |
| Söludagar í viðskiptakröfum - viðskiptakröfur í lok tímabils/seldar vörur og þjónusta | 26 | 26 |
| Laun og launatengd gjöld/seldar vörur og þjónusta | 45,7% | 43,6% |
| Rekstrarkostnaður/seldar vörur og þjónusta | 22,8% | 25,5% |
| EBITDA/seldar vörur og þjónusta | 6,4% | 4,5% |
| (Tap) hagnaður eftir tekjuskatt/seldar vörur og þjónusta | 2,3% | ( 0,1%) |
| | **30.6.2019** | **31.12.2018** |
| **Efnahagur** | | |
| Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir | 1,76 | 1,95 |
| Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn | 62,0% | 66,4% |

### Ársfjórðungsyfirlit

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

| | 1 F 2019 | 2 F 2019 | Samtals |
|---|---|---|---|
| Seldar vörur og þjónusta | 3.552.869 | 3.493.083 | 7.045.952 |
| Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þjónustu | ( 2.631.272) | ( 2.641.647) | ( 5.272.919) |
| **Framlegð** | 921.597 | 851.436 | 1.773.033 |
| Rekstrarkostnaður | ( 825.291) | ( 778.728) | ( 1.604.019) |
| **Rekstrarhagnaður** | 96.306 | 72.708 | 169.014 |
| Fjármunatekjur | 14.629 | 33.180 | 47.809 |
| Fjármagnsgjöld | ( 57.551) | ( 47.919) | ( 105.470) |
| Hrein fjármagnsgjöld | ( 42.922) | ( 14.739) | ( 57.661) |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags | 21.297 | 46.349 | 67.646 |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | 74.681 | 104.318 | 178.999 |
| Tekjuskattur | ( 10.855) | ( 5.074) | ( 15.929) |
| **Hagnaður tímabilsins** | 63.826 | 99.244 | 163.070 |
| **Rekstrarliðir færðir á beint eigið fé:** | | | |
| Þýðingarmunur erlendra dótturfélaga | 149.422 | 38.823 | 188.245 |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | 213.248 | 138.067 | 351.315 |
| EBITDA | 237.250 | 213.336 | 450.586 |

### Ársfjórðungsyfirlit (frh.)

| | 1 F 2018 | 2 F 2018 | 3 F 2018 | 4 F 2018 | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Seldar vörur og þjónusta | 3.781.316 | 3.731.061 | 3.743.512 | 4.460.797 | 15.716.686 |
| Vörunotkun og kostnaðarverð seldrar þjónustu | ( 2.873.546) | ( 2.721.500) | ( 2.672.474) | ( 3.275.801) | ( 11.543.321) |
| **Framlegð** | 907.770 | 1.009.561 | 1.071.038 | 1.184.996 | 4.173.365 |
| Rekstrarkostnaður | ( 970.959) | ( 947.797) | ( 868.264) | ( 895.196) | ( 3.682.216) |
| **Rekstrarhagnaður** | ( 63.189) | 61.764 | 202.774 | 289.800 | 491.149 |
| Áhrif sölu á Tempo ehf. | 0 | 0 | 0 | 5.097.947 | 5.097.947 |
| Aðrar fjármunatekjur | 56.459 | ( 7.924) | 4.250 | 26.760 | 79.545 |
| Fjármagnsgjöld | ( 28.207) | ( 26.578) | ( 27.719) | ( 30.535) | ( 113.039) |
| Hrein fjármagnsgjöld | 28.252 | ( 34.502) | ( 23.469) | 5.094.172 | 5.064.453 |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélags | 0 | 0 | 0 | ( 21.522) | ( 21.522) |
| **Hagnaður fyrir tekjuskatt** | ( 34.937) | 27.262 | 179.305 | 5.362.450 | 5.534.080 |
| Tekjuskattur | 6.518 | ( 5.976) | ( 36.280) | ( 57.872) | ( 93.610) |
| **Hagnaður tímabilsins** | ( 28.419) | 21.286 | 143.025 | 5.304.578 | 5.440.470 |
| **Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé:** | | | | | |
| Þýðingarmunur erl. dótturfélaga | 2.198 | ( 5.889) | 3.000 | 6.947 | 6.256 |
| Innleystur þýðingarmunur vegna sölu á Tempo ehf. | 0 | 0 | 0 | ( 26.679) | ( 26.679) |
| **Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé alls** | 2.198 | ( 5.889) | 3.000 | ( 19.732) | ( 20.423) |
| **Heildarhagnaður tímabilsins** | ( 26.221) | 15.397 | 146.025 | 5.284.846 | 5.420.047 |
| EBITDA | 101.681 | 234.772 | 368.657 | 423.302 | 1.128.412 |